

4. fundur skólaráðs – 28. febrúar 2018

Mættir: Bryndís, Þorgeir, Alla, Þóra Ýr, Ingibjörg, Ína

1. List- og verkgreinakennsla

Ekki var auglýst eftir tónmenntakennara þennan veturinn en stefnan er að gera það fyrir næsta vetur. Þurfum að fjölga smiðjukennurum í takt við fjölgun nemenda, en gæta þess þó að hver hópur sé ekki í „of“ mörgum smiðjum, til þess að góður tími gefist í hverja smiðju fyrir sig. Stefna skólans að reyna að gera list- og verkgreinum hátt undir höfði til þess að geta mætt þörfum sem flestra nemenda.

2. Skóladagatal 2018-2019

Drög að skóladagatali kynnt fyrir fundarmönnum og rætt. Rætt um að mögulega væri betra að fara degi fyrir í jólafrí og koma degi seinna úr jólafríi og færa þá skólaslit aftur fyrir sjómánadagshelgi. Enn á eftir að bera dagatalið upp til samþykkis/umræðu með kennurum. Rætt um að hafa öskudaginn sem starfsdag í Frístund, mögulega óþarfi að hafa opið fyrir hádegi þar sem flestir eru í öskudagsfjóri á þeim tíma. Almenn ánægja með drögin að dagatalinu. Farið verður með það fyrir kennarafund, mögulega gerðar smáægilegar breytingar og svo borið upp til samþykktar hjá aðilum skólasamfélagsins.

3. Stefna Naustaskóla

Bryndís kynnti vinnu sem er í gangi varðandi stefnu Naustaskóla í kjölfar innanhússpings fyrir áramót. Vinnunni miðar vel og líklegt að hægt verði að kynna niðurstöður hennar og hugmyndir að skipulagi fyrir en seinna. Niðurstöður að öllum líkindum kynntar og bornar undir skólaráð á næsta fundi.

4. Önnur mál

Rætt um aðkomu eldri borgara að lestrarstundum með nemendum (Rauða kross verkefni), tölvumál o.fl. Foreldrafélagið nefndi einnig að Úlfur úlfur kæmi mögulega í heimsókn á föstudaginn, foreldrafélagið er að biðja eftir svari frá þeim.

Fundi slitið kl. 16:00.

Fundargerð ritaði Þorgeir Rúnar Finnsson